

**1. Auðkenning efnis eða blöndu og upplýsingar um fyrirtæki.****1.1. Auðkenni vöru**Söluheiti vöru: **POWERGUARD 6061**

Tilvisunarnúmer: 11826

Gerð vöru: Blanda, vökvi.

Reach skráningarnr: Á ekki við.

**1.2. Viðeigandi og tilgreind notkun efnisins eða blöndunnar og notkun sem ráðið er frá**

Notkun vöru: Bætiefni í díselolíu

Fraráðin notkun: -

**1.3. Upplýsingar um fyrirtækið sem lætur gera öryggisblaðið**Fyrirtæki: SKELJUNGUR hf. Borgartúni 26 105 Reykjavík Sími 444 3000  
[www.skeljungur.is](http://www.skeljungur.is)Tengiliður fyrirtækis: [msds@skeljungur.is](mailto:msds@skeljungur.is)

Útgáfudagsetning: 18.05.2017

Útgáfa: 1,0

Gerð öryggisblaðs: EFNAVERND ehf. Reykjavík <http://efnavernd.is>**1.4. Neyðarsímanúmer:**

Neyðarlinan; sjúkrabifreið, slökkvilið og lögregla: sími 112

Eiturefnamiðstöð Landspítala - háskólasjúkrahúss, Reykjavík: sími 543 2222

**2. Hættugreining.****2.1. Flokkun efnisins eða blöndunnar****Flokkun skv. reglugerð nr. 415/2014 með síðari breytingum (CLP)**

Eiturhrif við ásvelgingu, fl. 1	H304
Húðæting/húðerting, fl. 2	H315
Sértæk eiturhrif á marklíffæri - váhrif í eitt skipti, fl. 3	H336
Krabbameinsvaldandi áhrif, fl. 2	H351
Langvinn eiturhrif á vatn, fl. 2	H411

**Helstu hættur**

Eðlissræn hætta: -

Heilsufarshætta: Grunað um að valda krabbameini.  
Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.  
Getur valdið sljóleika og svima.  
Veldur húðertingu. Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.

Umhverfishætta: Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

**2.2. Umbúðamerkingar**

**Umbúðamerkingar skv. reglugerð 415/2014 með síðari breytingum (CLP)****Hættumerki:****Viðvörðunarorð:** Hætta

**Innihaldsefni:** Leysinafta (úr jarðolíu), þungt, arómatískt  
Formaldehýðfjölíður með 4-dodekýlfenól og etýlendíamín greinum  
Naftalen  
1,2,4-trímetýlbenzen

**Hættusetningar (H):** H304 Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.  
H315 Veldur húðertingu.  
H336 Getur valdið sljóleika eða svima.  
H351 Grunað um að valda krabbameini.  
H411 Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

**Varnaðarsetningar (P)****Almennar:** -

**Forvarnir:** P201 Aflið sérstakra leiðbeininga fyrir notkun.  
P260 Andið ekki að ykkur úða/gufu/ýringi.  
P271 Notið eingöngu utandyra eða í vel loftræstu rými.  
P280 Notið hlífðarhanska.  
P273 Forðist losun út í umhverfið.

**Viðbrögð:** P304 + P340 EFTIR INNÖNDUN: Flytjið viðkomandi í ferskt loft og hafið hann í stellingu sem léttir öndun.  
P301 + P330 + P331 EFTIR INNTÖKU: Skolið munninn. EKKI framkalla uppköst.  
P310 Hringið umsvifalaust í EITRUNARMÍÐSTÖÐ/lækni.

**Geymsla:** -

**Förgun:** P501 Fargið innihaldi/íláti með öruggum hætti og í samræmi við innlendar og alþjóðlegar reglur.

**Viðbótarupplýsingar:** EUH 066 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.

**2.3. Aðrar hættur****Aðrar hættur:** -**Takmarkanir á notkun:** -**Annað:** -

**Texti allra hættusetninga, sjá kafla 16.**

**3. Samsetning/upplýsingar um innihaldsefni.**

CAS-nr.	EB-nr.	Efnaheiti	Magn, %	Flokkun
64742-94-5	265-198-5	leysinafta (úr jarðolíu), þungt, arómatískt	50 - < 75	Eit. v. ásvelg 1 H304 SEM-VES 3 H336 Langv. eit. á vatn 2 H411
-	-	formaldehýðfjölíður með 4-dodekýlfenól og etýlendíamín greinum	5 - < 10	Húðert. 2 H315

91-20-3	202-049-5	naftalen	3 - < 7	Bráð eit. 4 Eit. v. ásvelg Krabb. 2 Bráð eit. á vatn 1 Langv. eit. á vatn 1	H302 H304 H351 H400 H411
64742-47-8	265-149-8	Kolvetni, C11-C14, n-alkanar, ísóalkanar, hringsambönd, < 2% arómatar	< 10	Eit. v. ásvelg 1	H304
95-63-6	202-436-9	1,2,4-trimetýlbenzen	3 - < 5	Eldf. vökvi 3 Húðert. 2 Augnert. 2 Bráð eit. 4 SEM-VES 3 Langv. eit. á vatn	H226 H315 H319 H332 H335 H411
108-67-8	203-604-4	mesitýlen	0,25 - < 2,5	Eldf. vökvi 3 SEM-VES 3 Langv. eit. á vatn	H226 H335 H411
-	-	fenól með dodekýlgreinum	0,5 - < 1	Húðert. 2 Augnert. 2 Krabb. 2 Bráð eit. á vatn 1 Langv. eit. á vatn 1	H315 H319 H361f H400 H411

Varnaðarmerkingar, sjá kafla 2.

Texti allra hættusetninga, sjá kafla 16.

## 4. Skyndihjálp.

### 4.1. Lýsing á skyndihjálparaðgerðum

*Almennt:* Tryggið eigið öryggi við hjálparstörf. Notið viðeigandi öndunartæki og aðrar persónuhlífar eftir því sem þörf krefur. Flytjið slasaða í hreint loft. Hættulegt getur verið fyrir hjálparaðila að nota munn við munn aðferðina. Reynið aldrei að gefa meðvitundarlausum einstaklingi vökva eða fæðu.

*Við innöndun:* Flytjið slasaða í ferskt loft, látið hann hvílast í stellingu sem léttir öndun. Veitið öndunarhjálp og/eða gefið súrefni ef slasaði á erfitt með öndun eða hún hefur stöðvast. Ef slasaði er meðvitundarlaus skal leggja hann í læsta hliðarstillingu fyrir flutning á sjúkrahús. Tryggið að öndunarvegir séu opnir. Losið um hálmál, bindi, belti og annað sem þrengt getur að öndun. Leitið lækni.

*Snerting við húð:* Fjarlægið strax föt og skó sem mengast hafa af efninu og skolið húðina með nægu vatni í a.m.k. 10 mínútur. Leitið lækni ef einkenni/óþægindi koma fram.

*Snerting við augu:* Skolið strax vel með nægu vatni í a.m.k. 10 mínútur með augað vel opið; lyftið augnlokum til að tryggja fullnægjandi skolun. Fjarlægið snertilinsur ef við á. Leitið lækni.

*Inntaka:* Skolið munninn vel með vatni og gefið síðan nóg af vatni að drekka í smáum skömmtum ef slasaði er með fullri meðvitund. Hættið vatnsgjöf ef viðkomandi er flökurt þar sem hætta getur verið á ásvelgingu við uppköst. Framkallið EKKI uppköst. Ef uppköst verða, skal halda höfðinu lágt til að forðast að efni berist í lungun þar sem efni getur valdið skaða. Ef slasaði er meðvitundarlaus skal leggja hann í læsta hliðarstillingu fyrir flutning á sjúkrahús. Tryggið að öndunarvegir séu opnir. Losið um hálmál, bindi, belti og annað sem þrengt getur að öndun. Leitið lækni.

**4.2. Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin**

Áhrif, einkenni: Sjá kafla 11.

**4.3. Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á**

Upplýsingar fyrir heilbrigðisstarfsfólk:

Við innöndun niðurbrotsefna sem myndast við bruna geta eitrunareinkenni komið fram mörgum tímum eftir snertingu við efnið. Slasaði þarf því að vera undir lækniseftirliti í a.m.k. 48 klst. eftir slíkt slys.

**5. Viðbrögð við eldsvoða.****5.1. Slökkviefni/búnaður**

Heppileg slökkviefni: Kolsýra, duft, froða eða vatnsúði.

Óæskilegur búnaður: Notið ekki háþrýsta vatnssprautu.

**5.2. Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar**

Sérstakar hættur: Eldfimt efni. Við upphitun eða bruna myndast yfirprýstingur í lokuðum umbúðum og þær geta sprungið.

Við bruna geta myndast kolmónoxíð, koldíoxíð, nituroxíð, málmoxíð.

**5.3. Ráðleggingar fyrir slökkviliðsmenn**

Hlífðarbúnaður: Notið ferskloftstæki og hlífðarbúnað fyrir slökkviliðsmenn (þ.m.t. hjálm, stígvél og hanska) skv. evrópustaðli EN 469.

Sérstakar aðferðir: Tryggið eigið öryggi og annarra og haldið óviðkomandi frá hættusvæðinu. Gerið ekkert sem felur í sér persónulega áhættu eða án viðeigandi þjálfunar. Fjarlægjið umbúðir með efninu af hættusvæðinu ef hægt er án áhættu. Kælið lokaðar umbúðir með efninu á hættusvæðinu með vatnsúða. Efnið er skaðlegt vatnalífverum. Menguðu vatni sem notað er við slökkvistörf þarf að safna og farga sem spilliefni.

**6. Ráðstafanir vegna efnaleka.****6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir**

Öryggisráðstafanir: Gerið ekkert sem felur í sér persónulega áhættu eða án viðeigandi þjálfunar. Rýmið hættusvæðið og haldið óviðkomandi frá. Nálgist hættusvæðið vindmeginn. Forðist snertingu við efnið og gangið ekki yfir það. Forðist innöndun gufu og úða við hreinsunarstörf. Tryggið fullnægjandi loftræstingu. Forðist opinn eld, hita, neistagjafa og annað sem valdið getur íkveikju og reykið ekki. Notið aðeins neista- og sprengivarin áhöld og tæki.

Hlífðarbúnaður: Notið persónuhlífar skv. kafla 8 við hreinsunarstörf.

**6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins**

Varúðarráðstafanir: Efnið mengar vatn og er skaðlegt vatnalífverum. Hindrið að efnið berist í niðurföll, vatn í umhverfinu eða jarðveg. Ef umtalsvert magn berst út í umhverfið þarf að láta viðkomandi yfirvöld vita.

**6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar**

Aðferðir og efni: Stöðvið lekann ef hægt er að gera það án áhættu. Notið sand, jarðveg eða önnur óvirk ísogsefni til að hefta og hreinsa upp efnið og látið í viðeigandi og merkt ílát til endurvinnslu eða förgunar. Athugið að sama hættu getur stafað af menguðum ísogsefnum og efninu sjálfu.

**6.4. Tilvísanir í aðra kafla**

*Tilvísanir:* Sjá kafla 1 fyrir upplýsingar um neyðarnúmer.  
Sjá kafla 8 fyrir upplýsingar um persónuhlífar.  
Sjá kafla 13 fyrir upplýsingar um förgun.

**7. Meðhöndlun og geymsla.****7.1. Varúðarráðstafanir fyrir örugga meðhöndlun**

*Meðhöndlun:* Notið persónuhlífar skv. kafla 8. Notið efnið aðeins á vel loftræstum stað. Forðist innöndun gufu eða úða og snertingu við augu, húð og fatnað. Notið viðeigandi öndunartæki ef loftræsting er ekki fullnægjandi. Takið ekki inn. Farið ekki inn í takmörkuð rými eða geymslusvæði nema loftræsting sé fullnægjandi. Neytið ekki matar eða drykkjar eða reykið meðan á notkun stendur. Þvoið hendur og andlit áður en matast er eða drukkið og fyrir önnur hlé. Farið úr fötum sem mengast hafa af efni áður en farið er í mataraðstöðu. Forðist opinn eld, hita, neistagjafa og annað sem valdið getur íkveikju og reykið ekki. Notið aðeins neistavarin tæki og áhöld. Gerið varúðarráðstafanir gegn stöðurafmagni. Tankar, tæki og leiðslur þurfa að vera jarðtengd þegar efnið er fært á milli íláta. Tómar umbúðir geta innihaldið hættulegar efnaleifar. Skerið ekki, borið eða gatið og sjóðið ekki í eða á tómunum umbúðum. Endurnotið ekki umbúðir.

**7.2. Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna hvers konar ósamrýmanleika**

*Geymsla:* Geymsluaðstæður skulu vera skv. reglum. Geymið sér og á öruggum stað. Geymist í upprunalegum umbúðum vel lokuðum á köldum og vel loftræstum stað, varið gegn beinu sólarljósi og hita, opnum eldi og neistagjöfum. Geymið aðskilið frá oxunarmiðlum. Lokið opnuðum umbúðum vandlega og geymið uppréttar til að fyrirbyggja leka. Geymið ekki í ómerktum umbúðum. Notið viðeigandi umbúnað til að hindra að efnið berist út í umhverfið.

*Ósamrýmanleiki:* Oxunarmiðlar.

**7.3. Sértek endanleg notkun**

*Sértek notkun:* -

**8. Váhrifavarnir/persónuhlífar.****8.1. Mengunarmörk**

*Mengunarmörk skv. reglugerð 390/2009 ((MG) = meðalgildi fyrir 8 klst., (PG) = þakgildi):*

Olíupoka, steinefnaolíuagnir (olíuúði):	(MG)		1 mg/m <sup>3</sup>
Naftalen:	(MG)	10 ppm	50 mg/m <sup>3</sup>
1,2,4-trímetýlbenzen:	(MG)	20 ppm	100 mg/m <sup>3</sup>

**8.2. Váhrifavarnir**

*Tæknilegar aðgerðir:* Notið lokað kerfi, góða almenna loftræstingu og frásog eða aðrar viðeigandi aðferðir til að halda loftmengun á vinnusvæði neðan mengunarmarka. Einnig þarf að halda gas, gufu og rykmengun undir neðri sprengimörkum. Notið aðeins neistavarin tæki og áhöld. Öryggissturta og augnskolunaráhöld þurfa að vera tiltæk við vinnusvæði. Þar sem þessi vara inniheldur efni með mengunarmörk getur verið nauðsynlegt að fylgjast reglulega með loftgæðum á vinnustaðnum. Fyrir aðferðir við ákvörðun loftgæða er vísað til evrópustaðla EN 689, EN 14042 og EN 482.

<i>Persónuhlífar;</i> <i>Öndunartæki:</i>	Notið viðeigandi öndunartæki ef loftræsting er ekki fullnægjandi eða hættu er á að efnagufur í andrúmslofti fari yfir mengunarmörk. Val á öndunartækjum þarf að miða við gerð mengunarefna og hættu af þeim, þekktan eða áætlaðan styrk þeirra og mengunarmörk.
<i>Fyrir augu:</i>	Hlíðargleraugu með hlífðarhlífum ef mögulegt er að efnið berist í augu. Viðurkennd hlífðargleraugu ef hættumat gefur til kynna að það sé nauðsynlegt til að hindra að slettur, úði eða ryk berist í augu.
<i>Fyrir hendur:</i>	Viðurkenndir efnaþolnir og ógegndræpir hlífðarhanskar ef það er nauðsynlegt skv. hættumati. Við val á hlífðarhönskum þarf að taka mið af efnum og öðrum aðstæðum sem þeir komast í snertingu við, t.d. efni, snertitíma og tíðni, núningi, hita ofl. Veljið hlífðarhanska í samráði við söluaðila þeirra m.t.t. efnis, aðstæðna og endingartíma. Skiptið hönskum strax út ef þeir skemmast eða slitna.
<i>Fyrir húð:</i>	Viðeigandi viðurkenndur hlífðarfatnaður fyrir þetta efni.
<i>Hreinlæti við vinnu:</i>	Neytið ekki matar eða drykkjar eða reykið meðan á notkun stendur. Þvoðið hendur, handleggi og andlit áður en matast er eða drukkið og fyrir önnur hlé. Farið úr fötum sem mengast hafa af efninu áður en farið er í mataraðstöðu. Þvoðið mengaðan hlífðarfatnað og skó áður en þeir eru notaðir aftur.
<i>Umhverfið:</i>	Losun mengunarefna frá loftræstingu og tækjum á vinnustað þarf að vera innan marka krafna um mengunarvarnir. Í sumum tilfellum getur verið nauðsynlegt að nota hreinsibúnað eða síur eða grípa til annarra sérstakra tæknilegra aðgerða gegn mengun við vinnslu.

## 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.

### 9.1. Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika

<i>Ástand:</i>	Vökvi
<i>Útlit:</i>	Brúnleitur
<i>Lykt:</i>	-
<i>Sýrustig (pH):</i>	-
<i>Suðumark:</i>	Lægsta gildi er 168°C (1,2,4-trímetýlbenzen). Meðalgildi er 195°C.
<i>Bræðslumark:</i>	-
<i>Blossamark:</i>	63°C (lokuð deigla, Pensky-Martens)
<i>Sprengimörk:</i>	0,6-7%
<i>Sjálffikveikja:</i>	Lægsta gildi er > 220°C
<i>Gufuþrýstingur:</i>	Hæsta gildi er 0,1 kPa við 20°C (leysinafta). Vegið meðalgildi er 0,1 kPa við 20°C.
<i>Gufuþéttni:</i>	Hæsta gildi er 4,6-5,5 (loft=1) (leysinafta). Vegið meðalgildi er 0,1 kPa við
<i>Uppgufunarhraði:</i>	Hæsta gildi er 0,05 (leysinafta). Vegið meðalgildi er 4,96 (loft=1).
<i>Rokgjörn lífræn efni:</i>	-
<i>Eðlisþyngd:</i>	0,91 g/cm <sup>3</sup> við 15°C
<i>Seigja:</i>	0,035 cvm <sup>2</sup> /s við 40°C (kinematísk)
<i>Leysni:</i>	Leysist ekki í vatni
<i>Deilistuðull:</i>	-

### 9.2. Aðrar upplýsingar

<i>Annað:</i>	Rennslismark er < -54°C
---------------	-------------------------

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni.

### 10.1. Hvarfgirni

<i>Hvarfgirni:</i>	Upplýsingar fyrir vöruna eru ekki tiltækar.
--------------------	---

**10.2. Efnafraeðilegur stöðugleiki**

*Stöðugleiki:* Stöðugt.

**10.3. Möguleg hættuleg efnahvörf**

*Hættuleg efnahvörf:* Engin hættuleg hvörf verða við venjulegar aðstæður.

**10.4. Skilyrði sem þarf að varast**

*Skilyrði:* Hiti, opinn eldur og annað sem valdið getur íkveikju.

**10.5. Ósamrýmanleg efni**

*Efni sem skal varast:* Oxunarmiðlar.

**10.6. Hættuleg niðurbrotsefni**

*Hættuleg myndefni:* Engin við rétta geymslu og meðhöndlun.

**11. Eiturefnafraeðilegar upplýsingar.****11.1. Upplýsingar um eiturefnafraeðileg áhrif**

*Almennt:* -

*Helstu áhrifaleiðir:* Innöndun, húð, inntaka.

*Áhrif við innöndun:* Gufa getur valdið sljóleika, svima, sleni, máttleysi, ógleði, uppköstum, höfuðverk. Við innöndun niðurbrotsefna sem myndast við bruna geta eitrunareinkenni komið fram mörgum tímum eftir snertingu við efnið.

*Áhrif á augu:* Getur valdið ertingu.

*Áhrif á húð:* Ertandi. Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.

*Áhrif við inntöku:* Ógleði, uppköst. Hætta er á lungnaskaða ef efnið kemst í lungu við inntöku eða uppköst. Getur verið banvænt.

*Bráð eiturrhif:* Upplýsingar um blönduna liggja ekki fyrir. Sjá almennar heimildir fyrir upplýsingar um einstök innihaldsefni.

*Langvinn áhrif:* Grunað um að valda krabbameini.

**12. Vistfraeðilegar upplýsingar.****12.1. Eiturhrið**

*Eiturhrið:* Upplýsingar um blönduna liggja ekki fyrir. Sjá almennar heimildir fyrir upplýsingar um eiturrhif einstakra innihaldsefna.

Efnið er eitrað vatnalífverum og getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

**12.2 Þrávirkni og niðurbrotanleiki**

*Þrávirkni/niðurbrot:* Upplýsingar liggja ekki fyrir.

**12.3. Uppsöfnun í lífverum**

*Uppsöfnun í lífverum:* Upplýsingar liggja ekki fyrir.

**12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi og vatni**

*Hreyfanleiki:* Upplýsingar liggja ekki fyrir.



**12.5. Mat á PBT/vPvB\*- eiginleikum**

PBT/vPvB efni: -

**12.6. Önnur skaðleg áhrif**

Aðrar upplýsingar: Engin þekkt.

\* PBT: þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð  
vPvB: mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli.

**13. Förgun.****13.1. Aðferðir við meðhöndlun úrgangs**

Meðhöndlun úrgangs: Takmarkið úrgangsmýndun eins og kostur er. Endurvinnið ef hægt er. Skemmt efni, afgangar og menguð ísogsefni skilist á móttökustöð fyrir spilliefni.

Úrgangsflokkun: Endanotandi ákvarðar flokkun í samræmi við notkun.

Förgun umbúða: Endurnotið ekki tómar umbúðir. Fargið umbúðum á sambærilegan hátt og vörinni sjálfri. Tómar umbúðir geta innihaldið hættulegar efnaleifar.

Endurnýtið eða endurvinnið ef hægt er. Forðist að mengun berist í niðurföll, vötn, vatnsfarvegi, grunnvatn eða jarðveg. Fargið úrgangi í samræmi við innlendar og alþjóðlegar reglur.

**14. Upplýsingar um flutninga.****14.1. UN númer**

UN númer: 3082

**14.2. Rétt UN sendingarheiti**

Sendingarheiti: ENVIRONMENTALLY HAZARDOUS SUBSTANCE, LIQUID, N.O.S.  
(Solvent naphta (petroleum), heavy arom., naphtalene)

**14.3. Hættuflokkur eða flokkar vegna flutninga**

Hættuflokkur/flokkar: 9

Varúðarmerki: 9

Hættunúmer: 90

Gangakóði: E

EmS: F-A, S-F

**14.4. Þökkunarflokkur**

Þökkunarflokkur: III

**14.5. Umhverfishættur**

Skaðlegt umhverfinu: Já

Sjávarmengandi: Já

Annað: -

**14.6. Sérstakar varúðarráðstafanir fyrir notanda**

Varúðarráðstafanir: -

**14.7. Flutningar búlkafarms skv. II. viðauka MARPOL-samningsins frá '73/'78 & IBC kóðanum:**

Magnflutningar: -



**15. Upplýsingar varðandi regluverk.****15.1. Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis**

*Reglugerðir:* Reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna (CLP).  
Reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

*Takmarkanir á notkun:-*

**15.2. Efnaöryggismat**

*Efnaöryggisskýrsla:* -

**16. Aðrar upplýsingar.**

*Dagsetning útgáfu:* 18.05.2017

*Útgáfa númer:* 1,0

*Breyttir liðir:* -

*Öryggisblað gert fyrir:* SKELJUNGUR hf. Borgartúni 26 105 Reykjavík Sími 444 3000  
[www.skeljungur.is](http://www.skeljungur.is)

*Gerð öryggisblaðs:* EFNAVERND ehf. Reykjavík <http://efnavernd.is>

*Texti allra hættusetninga í kafla 2 og 3:*

H226 Eldfimur vökvi og gufa.  
H302 Hættulegt við inntöku.  
H304 Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.  
H315 Veldur húðertingu.  
H319 Veldur alvarlegri augnertingu.  
H332 Hættulegt við innöndun.  
H335 Getur valdið ertingu í öndunarfærum.  
H336 Getur valdið sljóleika eða svima.  
H351 Grunað um að valda krabbameini.  
H361f Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi.  
H400 Mjög eitrað lífi í vatni.  
H410 Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.  
H411 Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

*Aðrar upplýsingar:* -

Ofangreindar upplýsingar eru byggðar á fyrirliggjandi vitneskju um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi þegar öryggisblöðin eru gerð en fela ekki í sér ábyrgð á eiginleikum vörunnar eða afleiddum afleiðingum af notkun hennar. Notkun vörunnar er á ábyrgð notenda þar sem hún er utan áhrifasviðs framleiðanda.

Þetta öryggisblað er unnið eftir MSDS frá INNOSPEC Ltd. Ellesmere Port, Cheshire CH65 4EY, UK, dags. 20.02.2014.